

Nd.

315. Frumvarp til laga

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita sérleyfi til virkjunar vatnsfallanna í Dynjandavogi og Borgarfirði í botni Arnarfjarðar.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Bergur Jónsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal vera heimilt að veita hlutafélaginu Orkuveri Vestfjarða á Patreksfirði eða öðru félagi sérleyfi til:

1. Að virkja vatnsföllin í Dynjandavogi og Borgarfirði í botni Arnarfjarðar. Leyfið felur í sér heimild til þess að gera uppistöðu í vatnsföllunum, hækka eða lækka vatnsborð eða farvegi, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, og yfir höfuð fara með vatnið eftir því sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess, og svo sem samrýmast má landslögum.
2. Að reisa orkuver í nánd við vatnsföllin, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 1. tölulið segir, í raforku og starfrækja það eða þau.
3. Að leiða raforku frá orkuveri eða okuverum þeim, er í 2. tölulið greinir, til staða á Vestfjörðum, um þá staði og með þeim hætti, er henta þykir og nánar skal tekið fram í sérleyfisbréfi, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 4. tölul.
4. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ríkisstjórnar vegna virkjunarinnar, orkuvinnslunnar eða orkunýtingarinnar.
5. Ríkisstjórninni er og heimilt að taka lögnámi vatnsréttindi, land og réttindi yfir landi, að því leyti sem nauðsynlegt er, til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem í 1.—4. tölul. greinir.

2. gr.

Ekki má framselja sérleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ríkisstjórnar komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sérleyfis.

3. gr.

Sérleyfistími má vera allt að 40 árum.

4. gr.

Sérleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs og útsvari.

5. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sérleyfislögum, og þarf samþykki ríkisstjórnar á öllum tóxtum.

6. gr.

Sérleyfishafi skal hafa byrjað á mannvirkjum þeim, er lúta að virkjun vatnsfallanna, eigi síðar en 2 árum eftir að sérleyfi er veitt.

7. gr.

Réttindi og skyldur sérleyfishafa og skipti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á m. sérleyfislögum, að svo miklu leyti, sem ekki er um mælt í lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikill áhugi ríkir nú á Vestfjörðum um rafvirkjun til að fullnægja rafmagnsþörf almennings til ljósa, hitunar og suðu og rafmagnsþörf kauplúnanna til iðnaðar. Gera menn sér einnig vonir um, að hægt yrði jafnframt að sjá fyrir afli til stóriðnaðar fyrir allt landið, og þá einkum þess iðnaðar, sem hefur bezt skilyrði á Vestfjörðum, eins og t. d. sementsgerð. Nú hagar svo til, að á Vestfjörðum er einn ágætur virkjunarmöguleiki á fallvötnum í Borgarfirði í botni Arnarfjarðar. En sú virkjun er það dýr, að ekki hefur áður verið talið kleift að ráðast til framkvæmda með innlendar þarfir einar fyrir augum. En nú eru fjárhagsaðstæður mjög breyttar, og auk þess er rafmagnsþörf Vestfjarða miklum mun ríkari en áður hefur verið, vegna aukins iðnaðar, hraðfrystihúsa, fiskiðnaðar o. fl. Má því gera ráð fyrir, að nú sé réttur tími til að hefjast handa um framkvæmdir. Nýlega var haldinn fundur með fulltrúum frá hreppsnefndum Flateyrar, Þingeyrar, Bildudals og Patreksfjarðar. Á fundinum var Friðþjófur Ó. Jóhannesson frá Patreksfirði, sem hefur haft mikla forgöngu þessa máls. Var þar tekin sú ákvörðun að stofna til félags, sem tæki málið í sínar hendur, og gefa fyrst og fremst öllum hreppsfélögum á orkusvæðinu kost á þátttöku, og er sá undirbúningur þegar hafinn. Einnig tók rafmagnseftirlit ríkisins að sér að gera áætlanir um virkjun vatnsfallanna, en á sumri komanda þarf að gera ýmsar mælingar til undirbúnings nákvæmari áætlunum, áður en til framkvæmda kemur. En hér er þess eins farið á leit, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita sérleyfi, ef til kemur, og getur stjórnin þá sett þau skilyrði, sem almenningsheill krefur.

Hér fer á eftir:

Skýrsla rafmagnseftirlits ríkisins.

Rafmagnseftirlitið hefur tekið saman nokkrar athuganir um virkjun vatnsfallanna í botni Arnarfjarðar til raforkuvinnslu fyrir Vestfirði — frá Patreksfirði til Flateyrar. — Fylgir hér á eftir lauslegur útdráttur úr þessum athugunum.

Um verðlag það, sem reiknað er með í kostnaðarágizkununum, skal þetta tekið fram:

Í nóv.mán. s. l. gerði rafmagnseftirlitið, eftir ósk rannsóknaráðs ríkisins, ágizkanir um kostnað af virkjun Dynjanda, aðallega með það fyrir augum, að aflið yrði notað til iðnaðar (sementsvinnslu og áburðarvinnslu) í Önundarfirði.

Ágizkanir þessar voru byggðar á þáverandi verðlagi á efni og vélum, eftir því sem eftirlitinu var kunnugt um verðlag þessara hluta í Englandi og í Ameríku; var verð vélanna sérstaklega miðað við enskt verðlag. Síðan hafa, svo sem kunnugt er, viðhorfin í viðskiptamálum breytzt þannig, að líkur eru til, að til virkjunar slíkrar sem þessarar yrði að kaupa mest eða allt efni og vélar í Ameríku, en vélar þaðan virðast dýrari en frá Englandi. Einnig hefur verðlag á efni frá Ameríku breytzt (hækkað) nokkuð síðan kostnaðarathuganirnar voru gerðar, en eftirlitinu er ekki svo vel kunnugt um núverandi verðlag, að það hafi séð sér fært að breyta ágizkunartölum sínum í samræmi við það.

Eins og yður er kunnugt og tekið er fram í bréfi eftirlitsins til rannsóknaráðs ríkisins, er hér aðeins um lauslegar ágizkanir, en ekki áætlanir, að ræða, þar sem ekki er byggt á mælingum á virkjunarstaðnum, heldur eingöngu stuðzt við herforingjaráðskort og ýmsar lausl. upplýsingar.

Kostnaðarágizkanirnar eru þannig:

I. Virkjun fyrir Patreksfjörð og Bildudal, sementsverksmiðja.

a. Orkuver við Dynjanda, 4000 túrb. hestöfl. (2500 kw)	kr. 1900000
b. Háspennuveita frá Dynjanda (Mjólka) til Bildudals og Patreksfjarðar. Loftlína úr eirklæddum stálvir 3 × 16 mm ² (equiv. eirgildleiki) á gegndreyptum tréstólpum. Stólpahöf 150 m. Málspenna 60 kV. Tveir sæstrengir 6 kV yfir Suðurfirði. Norðan fjarða spennistöð 60/6 kV. Sunnan fjarða spennistöð 6/60 kV. Lengd loftlínu 48 km., lengd hvors sæstrengs 3,8 km	kr. 1260000
c. Þverlína til Bildudals frá spennistöð sunnan Suðurfjarða innan við Haganes 6 kV. 3,2 km. Tvær spennistöðvar á Bildudal, 200 og 500 kw. 6/0,220 Volt. Endurbætur á núverandi innanbæjarkerfi á Bildudal	— 135000
d. Spennistöðvar og innanbæjarveita á Patreksfirði. Aðalspennistöð 2000 kw. 60/6 kV. Tvær spennistöðvar, 200 kw og 700 kw. 6/0,22 kV. Endurb. á núverandi innanbæjarkerfi á Patreksfirði	— 205000
	<hr/> Kr. 3500000

Ath. Spennistöð fyrir sementsverksmiðju er ekki með reiknuð.

II. Virkjun fyrir Patreksfjörð, Bildudal, Þingeyri og Flateyri og sementsverksmiðju.

a. Orkuver við Dynjanda, 4500 hö. (3000 kw)	kr. 2140000
b. Háspennuveita frá Dynjanda til Patreksfjarðar skv. I. b.	— 1260000
c. Þverlína til Bildudals og innanbæjarveita þar skv. I. c.	— 135000
d. Spennistöðvar og innanbæjarveita á Patreksfirði skv. I. d.	— 205000
e. Háspennuveita til Flateyrar. Loftlína úr eirklæddum stálvir 3 × 16 mm ² (equiv. eirgildleiki) á gegndreyptum tréstólpum. Stólpahöf 150 m. Málspenna 60 kV. Lengd línunnar 50 km.	— 960000
f. Þingeyrarveita. Spennistöð á Höfðaodda, 60/6 kw. Sæstrengur yfir Dýrafjörð. Spennistöð á Þingeyri, 250 kw. 6/0,22 kV., og endurbætur núverandi bæjarkerfis	— 170000
g. Spennistöð og innanbæjarveita á Flateyri. Spennistöð, 250 kw. 60/0,220 kV. Endurbætur núverandi innanbæjarveitu	— 130000
	<hr/> Kr. 5000000

Ath. Spennistöð fyrir sementsverksmiðju er ekki með reiknuð.

III. Virkjun fyrir Patreksfjörð, Bildudal, Þingeyri og Flateyri.

a. Orkuver við Dynjanda, 3000 túrbínuhestöfl (2000 kw)	kr. 1500000
b. Háspennulína til Patreksfjarðar skv. I. b., nema aðeins einn sæstrengur er lagður yfir Suðurfirði	— 1170000
c. Þverlína til Bildudals og bæjarveita þar skv. I c.	— 135000
d. Innanbæjarveita á Patreksfirði og spennistöðvar skv. I. d., en aðalspennistöð 1000 kw.	— 185000
e. Háspennuveita til Flateyrar skv. II. e.	— 960000
f. Þingeyrarveita skv. II. f.	— 170000
g. Spennistöð og innanbæjarveita á Flateyri skv. II. g.	— 130000
	<hr/>
	Kr. 4250000

Um rekstrarafkomu.

A. Gjöld.

a. Suðurkaupún og sementsverksm. Ágizk. stofnkostn. skv. I. kr. 3500000.	
1. Afborganir og vextir af stofnkostnaði, miðað við 25 ára lánstíma, 4% vexti og jafnar árlegar greiðslur	kr. 224000
2. Rekstrarkostnaður. Yfirstjórn, gæzla orkuvers og veitna, skrifstofukostn. og húsnæði stöðvarvarða, innheimta	kr. 115000
Viðhald, 1,5% af stofnkostn.	— 52500
Ýmisl. ófyrirséð	— 18500
	<hr/>
	Kr. 410000

11,7% af stofnk.

b. Öll kaupúnin og sementsverksmiðja. Ágizk. stofnkostn. skv. II. 5000000.	
1. Afborganir og vextir af stofnkostnaði, miðað við 25 ára lánstíma, 4% vexti og jafnar árlegar greiðslur	kr. 320000
2. Yfirstjórn, gæzla orkuvers og veitna, innheimta, skrifstofukostn., húsnæði stöðvarvarða	kr. 138800
Viðhald, 1,5% af stofnk.	— 75000
Ýmisl. ófyrirséð	— 21200
	<hr/>
	Kr. 555000

11% af stofnk.

c. Öll kaupúnin án sementsverksm. Ágizk. stofnkostnaður kr. 4250000.	
1. Afborganir og vextir af stofnk., miðað við 25 ára lánstíma, 4% vexti og jafnar árlegar greiðslur	kr. 272000
2. Rekstrarkostnaður. Yfirstjórn, gæzla orkuvers og veitna, innheimta, skrifstofukostn., húsnæði stöðvarvarða	kr. 138800
Viðhald 1,5% af stofnkostn.	— 56250
Ýmisl. ófyrirséð	— 19950
	<hr/>
	Kr. 487000

11,5% af stofnk.

B. Tekjur.

Gera má ráð fyrir, að aðaltekjuliðir rafveitunnar verði þrjú:

1. Tekjur af almennri notkun raforkunnar til heimilisnota, þ. e. fyrir ljós, matareldun, húsahtun og smáíðnað. Í áætlununum hér að framan voru stærðir orkuversins miðaðar við, að rafm.notkun til heimilisnota væri að meðaltali um 300 wött á mann, en það samsvarar, að eingöngu sé notað rafmagn til

ljósa og matareldunar og að auk þess sé það notað allmikið til upphitunar húsa og til allrar smáiðju, t. d. fyrir smiðjur, verkstæði o. þ. k. Virðist oss skv. núverandi verðlagi varlegt að áætla, að tekjur af þessari notkun nemi a. m. t. að minnsta kosti 75 krónum á mann á ári.

2. Tekjur af almennri iðju. Hér er átt við tekjur af raforkusölu til annarra iðju- (eða iðnaðar) fyrirtækja en talin eru til smáiðnaðar. Af þess háttar fyrirtækjum má nefna: Frystihús, niðursuðuverksmiðjur, stórar vélsmiðjur o. fl. Í áætluninni hér á eftir um aflþörf þessara fyrirtækja og tekjur af þeim er aðallega stuðzt við upplýsingar hr. forstjóra Friðþjófs Ó. Jóhannessonar á Patreksfirði og hr. Jafets Kjartanssonar, forstjóra á Bildudal.
3. Tekjur af stóriðju. Undir þennan lið koma tekjur af iðjufyrirtækjum, sem eru svo stór, að stærðir orkuvera og flutningsgeta orkuveitna miðast að verulegu leyti við þörf þeirra. Í þessu falli er um sementsverksmiðju að ræða.

Í áætluninni hér að framan er afl- og orkuþörf hennar tekin eftir áætlun um sementsvinnslu, er rafmagnseftirlitið fékk hjá rannsóknaráði ríkisins (sbr. bréf og fylgibréf frá rafmagnseftirlitinu til rannsóknaráðs ríkisins, dags. 15. nóv. 1941), en verð raforkunnar er í eftirfarandi áætlun reiknað á 7.5 aura kwst., en var í fyrirnefndri áætlun um sementsvinnslu áætlað á 4—5 aura á kwst.

Samkv. framanrituðu mætti því áætla tekjurnar þannig:

a. Suðurkaupþúin og sementsverksmiðja.	
1. Almenn raforkunotkun 1100 manns á kr. 75	kr. 82500
2. Almenn iðja á Patreksfirði	— 100000
3. Almenn iðja á Bildudal	— 100000
4. Sementsverksmiðja, ca. 6250000 kwst. á kr. 0,075	— 468500
	Kr. 751000
b. Öll kaupþúin og sementsverksmiðja.	
1. Almenn raforkunotkun 2000 manns á kr. 75	kr. 150000
2. Almenn iðja á Patreksfirði	— 100000
Almenn iðja á Bildudal	— 100000
Almenn iðja á Þingeyri	— 20000
Almenn iðja á Flateyri	— 20000
3. Sementsverksmiðja	— 468500
	Kr. 858500
c. Öll kaupþúin án sementsverksmiðju.	
1. Almenn raforkunotkun 2000 manns á kr. 75	kr. 150000
2. Almenn iðja á Patreksfirði	— 100000
Almenn iðja á Bildudal	— 100000
Almenn iðja á Þingeyri	— 20000
Almenn iðja á Flateyri	— 20000
	Kr. 390000